

Með stjörnur í augunum *Af stjörnuhlópnum Þórbergi Þórðarsyni*

Í *Íslenskum aðli* segir af því hvernig félagar Þórbergs Þórðarsonar á Akureyri sumarið 1912 hæðast að honum þar sem hann situr og reykir úr gríðarlangri pípu sem hann hafði fest þar kaup á. „Hér og þar út um síldarplönin á Akureyri spunnust illkvittnislegar háðglósur og skopsögur um mig og pípu“ skrifar Þórbergur og vitnar í almannaróm: „Og hvernig ætti nokkur kvenmaður að geta bundið trúss við svona stjörnuhlóp. Þetta er bölvauður ofviti sunnan úr Hornafirði og hefur horn, ha, ha, ha! Horni pípu tottar, ha-ha-ha-ha-ha-ha-ha! Hann kvað vaka reykjandi allar nætur yfir að hugsa um vetrarbrautina.“¹ Viðurnefnið „stjörnuhlópur“ er skemmtilega tvírætt og nær vel utan um þá sjálfslýsingu sem Þórbergur teiknar upp í skáldævisögunum *Íslenskum aðli* og *Ofvitanum*. Orðið vísar hvort tveggja til áhuga Þórbergs á himinhvolfinu og þeim undursamlegu fyrirbærum sem þar ber fyrir augu á skýlausum vetrarkvöldum, sem og til þeirrar glópsku sem félagar hans þykjast sjá í háttalagi hans og í samskiptum hans við kvenfólk, sér í lagi við stúlkuna sem hann kallar elskuna sína.

Himinninn og stjörnurnar gegna stóru hlutverki í skrifum Þórbergs. Hægt er að tala um margræða táklega merkingu þar sem þessi fyrirbæri tengjast skáldskapnum og ástinni með órjúfanlegum hætti. Þórbergur kynnir þessa táklegu samþættingu himins, skáldskapar og ástar í upphafi *Íslenzks aðals* þegar hann lýsir því hvernig það kom til að hann orti kvæðið fræga „Nótt“ í febrúarmánuði 1912, laust fyrir lágnættið, utandyra á Skólavörðustígnum.² Það var sjálfur himinninn sem veitti honum innblástur enda bregður kvæðið upp mynd af himinhvelfingunni sem „ljómar svo hrein og heið / með hátignardjásn yfir mannlífsins kvölum“ og hefur anda skáldsins „frá húmsins veldi, / frá hrylling og nótt“, eins og segir í öðru erindi kvæðisins. Í *Íslenskum aðli* er aðstæðum lýst þannig:³

Þetta kvöld var eitt af hinum fáu augnablikum þeirra tíma, er dásemdir himinsins gátu hafið sálina yfir þau rök menningarinnar, að hún væri grafin niður í bæjarkrili úr svipljótum blick-kössum, opnum sorprenum, forarblautum moldarstígum, sem tengdu saman hreinleika hjartanna. Það blakti ekki hár á höfði. Loftið var magnað suðrænni mildi, tærheiður himinn, tungl í fyllingu.⁴

Í *Eddu Þórbergs Þórðarsonar* ítrekar hann þessar aðstæður og segir fyrsta erindi kvæðisins hafa komið „yfir [sig] í fylgd með hátíðlegum innblæstri, helgiprunginni upphafningu, er lýsti

sér í útgliðnun eður mikilli gisnun allra líkamlegra takmarkana“.⁵ Þessum skáldlega innblæstri er ítarlega lýst í *Íslenzkum aðli*:

Þegar ég kom upp á móts við húsið nr. 3 við Skólavörðustíginn, sem í þá daga var kennt við Árna leturgrafara, gerði ég lítið hlé á göngu minni, hallaði mér upp að feysknum símastaur og tók að virða fyrir mér festingu himinsins, er þetta kvöld tindraði af þúsundum sólna, sem glitruðu með blæbrigðum allra lita.

Ég hafði ekki lengi hvílt hugann við þetta leiftrandi geislaspil hinna hljóðu himinbúa, þegar ég varð eins og frá mér numinn af hrifningu, sem var sambland af máttugri upphafningu og skáldlegum veikleika. Ég fann meira að segja, að það var eitthvað furðulegt í aðsigi einhvers staðar lengst niðri í undirvitund minni. Það var eins og allt væri að gliðna í sundur eða renna saman við einhverja óendanlega volduga, ólýsanlega milda einingu, sem eins og væri ekkert, en fæli þó í sér ívist allra hluta. Og áður en ég gat áttað mig á, hvað úr þessu ætlaði að verða, braust fram á varir mér heilsteypt kvæði, sem ég fann, að yrði langt kvæði.“⁶

Í beinu framhaldi af þessari nákvæmu lýsingu á tilurð kvæðisins skrifar Þórbergur: „Þennan vetur lagði ég mig allan eftir stjörnuvísindum og heimspeki, hafði teiknað heljarmikið kort af himinhvelfingunni og skrifað upp rökfræði Arnljóts Ólafssonar“.⁷ Himinhvolfið er uppspretta andagiftarinnar en um leið er það Þórbergi vísindalegt viðfangsefni. Í *Bréfi til Láru* gerir hann grein fyrir þessari megintogstreitu í sálarlífi sínu, sem eigi upphaf sitt að rekja til þess þegar „drápsklyfjar rómantískra stemninga“ náðu valdi á honum á skútuárunum: „Síðan þá hafa barist í mér tvö andstæð meginöfl, annars vegar vísindaleg smásmygli, hins vegar rómantískt hugmyndaflug.“⁸

Hér á eftir verður fordæmi Þórbergs fylgt og skrif hans um himinninn og stjörnurnar skoðuð bæði út frá fagurferðilegu⁹ og vísindalegu sjónarhorni. Rýnt verður í táklegt gildi stjarnanna og himinhvolfsins í skrifum Þórbergs og fjallað um „rómantískt hugmyndaflug“ hans en jafnframt verður hugað að útsýn til stjarna og kannaðar stjörnuafstöður á himni af „vísindalegri smásmygli“. Athyglinni verður sérstaklega beint að föstudeginum 20. október árið 1911 en það kvöld fann Þórbergur hina sönnu ást, eins og sagt er frá í kaflanum „Kvöldið, þegar ég varð annar maður“ í *Ofvitanum*. Með því að skoða stjörnuafstöður þetta tiltekna kvöld, af sjónarhæð vísindanna, framkallast fyllri mynd en Þórbergur kaus að lýsa og spyrja má hvort finna megi einhvers konar launsögn falda í textanum sem aðeins opinberast sé rýnt í afstöður stjarna á himni þetta tiltekna kvöld.

„Það varð 20. dag októbermánaðar 1911“

Frásögnina af samskiptum Þórbergs við elskuna má kalla aðra meginstöðina í „sálarlýsingunni miklu“¹⁰ sem *Íslenzkur aðall* og *Ofvitinn* hafa að geyma. Hin stöðin er fjórleg frásögn af

félagsskap ungra karlmannna með rómantíska skáldadraumum. Sagan af elskunni og þránni sem hún vekur með Þórbergi og veldur honum ómældum þjáningum er í aðra röndina full af skopi enda má segja að í henni takist stöðugt á háleitar hugsjónir og hið jarðneska svið, eins og síðar verður vikið að. En ekki verður litið framhjá því að víða eru lýsingarnar á „villum hans í ástinni“¹¹ mjög sársaukafullar og ekki þarf að efast um að lýst er sönnum tilfinningum.¹² Ítarlegustu lýsinguna á kynnum Þórbergs og elskunnar er að finna í áður nefndum kafla í *Ofvitanum*. Hann hefst á nákvæmri tímasetningu og veðurlýsingu:

Það varð 20. dag októbermánaðar 1911. Það var á föstudagskvöldi, þegar vikan er að byrja að verða skemmtileg og sálarjafnvæginu tekur að halla. Ég man meira að segja ennþá eftir öll þessi ár, að klukkuna vantaði aðeins nokkrar mínútur í níu. Það var hálfskýjað loft, norð-vestangola og hlýtt í veðri. Nýtt tungl með stórstraumi.

Ég stóð við stjörnuskoðun mína frammi á þurrkloftinu, teygði höfuðið upp um þakgluggann og skimaði til himins. Ég var eitthvað einkennilega tær og gljúpur. Unaðsríkur friður, sem breiddist eins og fagurt aftanskin niður um hlíðar sálarinnar.¹³

Þórbergur er ekki aðeins að skoða stjörnur með berum augum heldur bregður hann sér „öðruhvora úr þakglugganum inn í herbergið til þess að bera athuganir [s]ínar saman við nýteiknað stjörnukort, sem lá útbreitt á borðinu við gluggann. Svo renndi [hann] augunum af kortinu á stjörnulýsingar og töflur, sem [hann] hafði skrifað upp eftir vinnu á kvöldin í vegagerð norður á Holtavörðuheiði.“¹⁴ Þórbergur skoðar tilteknar stjörnur, hæð þeirra og færslur um himinhvolfið og reynir að leggja tölulegar staðreyndir á minnið:

Þetta er Hamal eða α í Hrutmerki, spölkorn fyrir austan húsburstina á Bergstöðum, í svipaðri hæð og Sjöstjarnan. Annars flokks stjarna.¹⁵ Stjörnuhæð $47^{\circ} 45\frac{1}{2}'$. Ársfærsla $17,5''$. 13. október í hásuðri kl. $0,45'$. Loka augunum og endurtek með sjálfum mér: Hamal eða alfa í Hrutmerki. Annars flokks stjarna. Stjörnuhæð fjörutíu og sjö gráður og fjörutíu og fimm og hálf mínúta. Ársfærsla – hvað? Gýt hægra auga snöggvast á töfluna. $17,5''$, seytján komma fimm sekúndur. Þrettánda október í hásuðri fjörutíu og fimm mínútum eftir tólf á miðnætti. Nú kann ég þetta áreiðanlega: Hamal eða alfa í Hrutmerki . . . Flýtir sér um þrjár og fjörutíu og fimm sjötugustu og þriðju úr mínútu á sólarhring. Reikna. Þá í hásuðri í kvöld klukkan tíu mínútur og nítján tersúr yfir eitt.

Er þetta ekki dásamleg þekking! Engin þekking er eins dásamleg og þekkingin á stjörnunum.¹⁶

En hvað vitum við um stjörnuhimininn sem ofvitinn úr Suðursveit sá út um þakgluggann á Bergshúsi, á horni Skólavörðustígs og Bergstaðastrætis, þessa fallegu vetrarnótt í október árið 1911? Fyrst þarf að kanna hvar þakglugginn var staðsettur og það er einfalt mál því Þórbergur lýsir vistarverum sínum í Bergshúsi af stakri nákvæmni, eins og hans er von og vísa. Herbergi

Þórbergs, sem síðar gekk undir nafninu Baðstofan, var uppi á lofti, undir súð í vesturenda hússins og vissu dyrnar til austurs:

Fyrir framan herbergisdyrnar var dálítið þurrkloft með stögum og stórrí grjótrullu, sem stóð undir norðursúðinni. [...]

Niður af miðju þurrkloftinu sunnan megin gekk brattur stigi með tíu tröppum. Hann lá niður í stórt og bjart eldhús. [...]

Á þakinu yfir stiganum var einrúðu-gluggi, sem hægt var að opna og loka eftir vild. Og þegar maður stóð á pallskörinni, gat maður teygt höfuðið upp um gluggaopið og séð í þrjár áttir. Þessi gluggi var stjörnuturn minn í fjóra vetur.¹⁷

Úr „stjörnuturni“ sínum hefur Þórbergur því útsýn til stjarna frá norðnorðvestri til suðsuðausturs, á björtum vetrarkvöldum.

En að fleiru þarf að huga, meðal annars myrkrinu sem var ólíkt meira í Reykjavík þá en nú er. Þá sáust nefnilega fleiri stjörnur því við góð skilyrði sjást margfalt fleiri en þar sem myrkrið er rýrt. Nú á dögum er þetta nefnt *myrkurgæði* en þau ráðast meðal annars af því hversu tært loftið er yfir tilteknum stað. Ýmsir þættir náttúrufars hafa áhrif á tærleika loftsins; ryk, mistur, tunglskin, norðurljós og næturljómi en einnig manngerðir áhrifavaldar eins og mengun og raflýsing. Þá þarf að spyrja hvernig umhorfs var í Reykjavík á þessum tíma og þá sérstaklega með tilliti til lýsingar sem hefur áhrif á útsýn til stjarna.¹⁸ Um áramótin 1910-11 bjuggu um 11.600 manns í Reykjavík. Frá árinu 1876 höfðu olíuluktir verið notaðar í bænum en það ár voru sjö ljósker sett upp í Kvosinni. Þann 1. september árið 1910, ári áður en elskan flutti inn í Bergshús, var hins vegar kveikt á gaslýsingu á götum Reykjavíkur í fyrsta sinn. Við gasvæðinguna fjölgaði verulega ljósastaurum í bænum og þótt slík lýsing væri kostnaðarsöm voru meira en tvö hundruð ljósastaurar settir upp þetta ár. Lýsingin var þó spöruð eftir megni og til að mynda var ekki kveikt á ljósunum ef tungl var fullt og einnig var lýsing minnkuð ef snjór lá yfir. Rafala mátti finna á stöku stað en raflýsing varð ekki almenn fyrr en með Elliðaárvirkjun árið 1921.¹⁹

Af þessu má vera ljóst að ekki hefur mikil ljósmengun spillt fyrir útsýni til stjarna þetta októberkvöld árið 1911, jafnvel neðst á Skólavörðustígnum þar sem byggðin var þétt. Vafalítið mátti sjá vetrarbrautina berum augum og að minnsta kosti stjörnur af birtustigi 5,5 og jafnvel enn daufari. Sýndarbirtustig (e. apparent magnitude) er mælikvarði á hve skært okkur sýnast stjörnur skína. Kvarðinn er „öfugur“, það er að segja talan er lægri eftir því sem birtan er meiri.²⁰ Hann er logaritmískur: birtumunur stjörnu af fyrsta og sjötta birtustigi, greint af mannsauga, er hundraðfaldur. Daufustu stjörnur sem hægt er að greina án sjónauka frá myrkustu stöðum í heimi eru af birtustigi 6,0—6,5. Stjörnur sem eru bjartari en birtustig 5,5 eru tæplega 2900

talsins og að minnsta kosti helmingur þeirra, um 1400 stjörnur og líklega miklu fleiri, ættu að hafa verið sjáanlegar frá Reykjavík á þessum tíma. Til að setja þetta í samhengi við nútímamann, þegar yfir tvö hundruð þúsund manns búa á höfuðborgarsvæðinu²¹ hefur ljósmengun rýrt myrkurgæði 18-falt. Nú sjást aðeins stjörnur sem eru bjartari en sem nemur birtustigi 4,0 og er þá miðað við meðaltal yfir Reykjavíkurborg. Það eru aðeins um 250-300 stjörnur sem nú eru sýnilegar eða um 20% af þeirri stjörnuþýð sem sjá mátti frá Reykjavík á þeim tíma sem Þórbergur stundaði stjörnusköðun úr þakglugganum á Bergshúsi. Það ber því ekki að undra að hann kveði sterkt að orði þegar hann horfir til himins:

Og þegar ég kom aftur út í þakgluggann, hófst hugurinn eins og svífandi symfónía upp til hinna glitrandi stjörnugeima, þar sem allt er svo miklu hreinna og bjartara en hér niðri í dimmum dal og dauðans skugga. En hvað þær blika yndislega, eins og saklaus barnsaugu á blárri festingunni!²²

Í miðjum hugleiðingum Þórbergs um dýrð stjarnanna berst fótatak upp stigann og það er barið að dyrum:

Og inn í herbergið kemur hávaxin stúlka, dökkhærð, hrokkinhærð, ívið kinnbeinahá, rjóð í andliti, fersk og sæleg, hvítar tennur, drifhvítar hendur, sindrandi eldsveipur í mynd hreinnar meyjar. Hún gengur einörðum skrefum inn gólfíð og segir í dálítið háum og ögrandi tón: Gott kvöld! Og um leið skýtur hún á móti mér tinnudökkum leiftrandi augum. Guð í hæstum hæðum! Þvílíkt augnaráð! Þvílíkt líf í þessu andliti! Sú er nú ekki alveg laus við að hafa svolítið af sál. Hún hlýtur að hafa afar mikið vit á skáldskap!²³

Þórbergur og aðkomustúlkan hefja tal um daginn og veginn en áður en langt um líður spyr hann: „Hafði þér gaman af stjörnum?“ Þrátt fyrir fremur dræmar undirtektir dregur hann fram stjörnukortið: „Lítið þér á! Þetta er stjörnukort, sem ég er nýbúinn að teikna“²⁴ og hann beinir athyglinni hennar strax að eftirlætisstjörnunni, Síriusi.

„Upp um þennan glugga skulum við horfa saman á Sírius seinna í vetur“

Sjáið þér! Þessi stóra stjarna þarna neðarlega á kortinu, teiknuð með rauðu, heitir Sírius. Á íslenzku kalla þeir hana Hundastjörnu. Það á víst að vera af því, að hún er í stjörnumerki, sem heitir Stóri hundurinn. Hún er fegurst allra stjarna á norðurhveli himins. Hún er ákaflega falleg. Hún glitrar í hvítum og bláum, grænum, rauðum og gulum litum. Það er dásamleg sjón. En hún sést ekki á kvöldin fyrr en lengra líður út á, af því að hún er svo sunnarlega á hvelfingunni. Á ég að sýna yður hana einhvern tíma upp um þakgluggann hérna frammi á þurrkloftinu, þegar hún fer að koma við á kvöldin? Hún sést bezt þaðan. Við sjálfan mig: Þá kyssi ég hana.²⁵

Þórbergur biður stúlkuna, sem hann síðar nefndi aldrei annað en elskuna, fyrir alla muni að kalla Síríus aldrei Hundastjörnuna: „Það er svo smekklaust“ og „sýnir þursaskap Íslendinga við fegurðina að geta kallað svona dásamlega stjörnu Hundastjörnu.“²⁶ Þótt Þórbergur átelji hér Íslendinga sérstaklega skal bent á að Síríus, sem frá ómunatíð er björtust fastastjarnanna, hefur verið auðkennd sem Hundastjarnan í þúsundir ára og er þekkt sem slík í flestum tungumálum. Sem dæmi má nefna að í grískum goðsögnum var Stórihundur (merkið sem hundastjarnan er kennd við) gjöf Seifs til Evrópu, hundurinn sem aldrei mistókst að veiða. Gríski ævisagnaritarinn Plutarch (46-120 e. kr.) nefndi hana „leiðtogann“.²⁷ Áfram heldur frásögnin af samtali þeirra um stjörnuhimininn með innskotum um tilfinningar Þórbergs sem færast sífellt í aukana eftir því sem hann horfir á fleiri líkamshluta stúlkunnar; fingur, augu, rjóða vanga, drifhvítar hendur. „Ó, guð, hvað ég elska þessa stúlku innilega!“ hugsar hann með sér, en jafnframt (í beinu framhaldi): „Það var öll kvensemi hreinsuð burt úr mér. Ég var ekkert annað en tær ást. Þetta var áreiðanlega sú sanna ást“.²⁸

Í textanum kallast fegurð stúlkunnar og fegurð Síríusar stöðugt á: „Síríus er fegursti himinlíkami, sem auga manns er lánað að sjá á næturhimni norðursins. Og þó er hann óralangt frá okkur. Vitið þér, hvað Síríus er langt í burtu?“ spyr Þórbergur og svarar: „Hann er svo langt í burtu að byssukúla, sem skotið væri á hann héðan úr þakglugganum, þyrfti meira en 700.000 ár til að komast til hans. Og samt er hann næst okkur af öllum fastastjörnum, sem eru fyrir utan okkar sólkerfi.“²⁹ Reyndar þekkjast nú á dögum tólf stjörnur nær en engin þeirra skín jafn skært og Síríus.³⁰ Það skyldi ekki gleymast að sagan á sér stað snemma á 20. öld, áður en nálægð þeirra var uppgötvuð. Á svipaðan hátt má segja að stúlkan sé sú „fastastjarna“ sem stendur Þórbergi næst í heimi *Ofvitans* og *Íslenzks aðals* en er um leið svo fjarlæg að hann fær aldrei nálgast hana fullkomlega. Þórbergur dregur ítrekað fram þessar andstæður – nálægð og fjarlægð – og beinir athyglinni að líkama Síríusar en stökum líkamspörtum stúlkunnar. Þegar hún „styður bendifingrinum með listrænu hrifnæmi á kortið vestan við Síríus“³¹ þorir hann ekki fyrir sitt „líf að koma með fingurinn nærri stjörnunni til að samgleðjast með henni, að hún hefði hitt á rétta stjörnu“ en um hann fer „svitarakur kippur, um leið og augu [hans] festust við þennan forkunnar-fagra meyjarfingur á alstirndu kortinu, þessa haglega gerðu nögl, þennan æskusindrangi góm.“³² Á snilldarlegan hátt er lýst hvernig kynferðisleg spennan hleðst upp á milli þeirra tveggja.

Og þarna hélt hún honum hreyfingarlausum og starði dreymandi út í loftið, eins og hún væri að hugsa um eitthvað með tilfinningunum. Ég starði líka út í loftið. Og

loftið var fingurinn á kortinu. Við stöðum í kross. Hún var orðin blóðrjóð í framan, og hún andaði eins og hún væri hjartabiluð. Ætli hún sé að hugsa svona sterkt um Sírius?³³

Til að léttu á spennunni vekur Þórbergur aftur athygli á fjarlægð og stærð stjarnanna, talar um óendanlega stærð geimsins og kveður upp úr með að það sé „ákaflega göfgandi fyrir andann að hugsa um stjörnugeiminn. Það lyftir huganum svo hátt yfir smámuni hversdagslífsins og víkkar svo mikið þennan þrönga sjóndeildarhring jarðheimsins og gerir mann djúpan, víðfeman og siðferðislegan.“ Og þessari staðhæfingu fylgir hin óhjákvæmilega spurning: „Hafið þér lesið kvæði Einars Benediktssonar?“³⁴

Skáldskapur og stjörnufræði

Það er engin tilviljun að Einar Benediktsson er nefndur á nafn í þessu samhengi. Eins og kunnugt er var Þórbergur heillaður af kvæðum Einars á fyrsta áratug tuttugustu aldar og sú saga gekk að hann kynni þau flest utanbókar.³⁵ Áhrif Einars á fyrstu kvæði Þórbergs eru auðsæ þótt hann hefði síðar „losast á einni nóttu, [...] undan þeim pótíska svindlara“ þegar „engill einfaldleikans“ steig niður í hann, árið 1914.³⁶ Líklega hafa hinar mögnuðu náttúrumyndir sem einkenna ljóð Einars höfðað mjög til Þórbergs, sem og hin lífræna heildarhyggja sem greina má í skrifum þeirra beggja og það sem Einar Benediktsson kallaði „alveldissál“.³⁷ Það má geta sér til um að það hafi einkum og sér í lagi verið áhugi Þórbergs á stjörnufræði og fyrirbærum himinhvolfsins sem dró hann að kvæðum Einars. Í *Fjórðu bók* Suðursveitarbálksins segir Þórbergur frá hvernig Alpýðubók Þórarins Böðvarssonar kynnti hann fyrir undrum náttúrunnar og segir hann bókina hafa opnað sér „mikið útsýni yfir lífið og tilveruna.“³⁸ Það sem heillaði hinn unga Þórberg einna helst voru:

lýsingarnar á sólinni og sólkerfinu, lögun jarðarinnar, snúning hennar um sjálfa sig og hringferðir hennar kringum sól og hvernig stóð á skammdegi og langdegi og jafndægum, lýsingarnar á tunglinu og ástæðunum fyrir hinum sífelldu útlitsbreytingum þess og skýringarnar á flóði og fjöru og sólmyrkvum og tunglmyrkvum, hringferð frumefnanna og uppgufun vatnsins og úrkomunni og vegalengdunum milli hnattanna.

Þetta voru miklar opinberanir austur í Suðursveit upp úr síðustu aldamótum.³⁹

Sennilega hafa mörg kvæða Einars hitt Þórberg í hjartastað einmitt vegna þessa sameiginlega áhuga þeirra á himingeiminum og stjörnskaranum. Í kvæði Einars „Lágnættissól (Við Grímseyjarsund)“, sem birtist í ljóðabókinni *Hafblik* árið 1906, yrkir hann um það

„logamálverk“ sem náttúran er fær um að bregða upp á mótum lofts og lagar við sólsetur og í þekktu lokaerindi kvæðisins segir:

Minn hugur spannar himingeiminn.
Mitt hjarta telur stjörnusveiminn,
sem dylur sig í heiðlofts hyl.
Svo hátt og vítt mér finnst ég skynja.
Guðs veröld! Andans hlekkir hrynja
sem hjóm við þetta geislaspil.
Mér finnst ég elska allan heiminn
og enginn dauði vera til.⁴⁰

Kristján Karlsson hefur bent á að Einar eigi sér einn fyrirrennara „sem aldrei verður sniðgenginn, þegar vér íhugum hugmyndaheim og myndmál Einars. Sá maður er Björn Gunnlaugsson.“⁴¹ Björn Gunnlaugsson (1788-1876) var þekktur stærðfræðingur, stjörnufræðingur, landmælinga- og kortagerðarmaður á nítjándu öld og kennari við Bessastaðaskóla í fjölda ára. Einnig „lagði hann áherslu á að upplýsa almenning um náttúruvísindi, bæði í bundnu máli og óbundu.“⁴² Hinn þekkti kvæðabálkur Bjarnar *Njóla* telur 518 ferskeytt erindi og í honum „vefur hann saman margvíslega þræði trúar og vísinda til þess að setja fram heildarkenningu um alheiminn og tilgang hans.“⁴³ Kristján Karlsson telur það vert rannsóknarefni „að athuga skuld [Einars] við stjörnufræði Úrsins, sem lærisveinn Bjarnar Gunnlaugssonar, Jónas Hallgrímsson þýddi og eðlisfræði Fichers, sem Magnús Grímsson þýddi undir beinni handleiðslu Bjarnar.“⁴⁴ Slík rannsókn verður þó ekki gerð hér en tengsl Einars Benediktssonar við hugmyndaheim *Njólu* er svo sannarlega spennandi rannsóknarefni.

Í *Njólu* hugleiðir Björn „hátign Guðs og alheims áformið“⁴⁵ og fyrsti hluti kvæðisins nefnist „Himinninn skoðaður að nóttu“ og hefur að geyma lýsingu á himingeimnum, stjörnum og vetrarbrautum. *Njóla* kom fyrst út árið 1853 og var endurútgefin 1884 og naut mikillar alþýðuhylli þótt verkið væri einnig harðlega gagnrýnt, bæði fyrir boðskapinn sem og fagurferðilega útfærslu; mörgum þótti kvæðið stirðlega kveðið. Áhrif frá *Njólu* eru auðsæ á skáldskap Einars Benediktssonar og einnig á skrif Brynjólfs frá Minna-Núpi sem Þórbergur dáðist mjög að.⁴⁶ Telja má víst að Þórbergur hefur þekkt *Njólu* og benda má á að titill verksins er samheiti við titil kvæðis Þórbergs „Nótt“ sem fjallað var um hér í byrjun. Þegar Þórbergur ræðir um fjarlægð Síriusar frá jörðu við elskuna notar hann líkingu sem á sér samsvörun í kvæði Bjarnar. Þórbergur segir: „[Sírius] er svo langt í burtu að byssukúla, sem skotið væri á hann héðan úr þakglugganum, þyrfti meira en 700.000 ár til að komast til hans. Og samt er hann næst

okkur af öllum fastastjörnum, sem eru fyrir utan okkar sólkerfi.“ Þegar Björn fjallar um fjarlægðina á milli reikistjarnanna yrkir hann:

Þeirra hrínga vídd eg vil
virðar betur skilji;
skotna kúlu tek því til,
er tímann ferða þylji.

Hún skal sólu fljúga frá
ferð með óstöðvandi
að níu árum nærfelt þá
næði í Merkúr landi.

Árin seytján fram þá fer,
fögru Venus slær hún;
tuttug og fimm ef tekur sér,
til vor líka nær hún.

[...]

Byssukúlu kast ei ná
kyrðarstjörnu mundi
Síríus, næstu sólu, blá
í sjö hundruð ár-þúsundir.⁴⁷

Líkinguna við byssukúlu sem skotið er á milli stjarna eiga þeir Björn og Þórbergur sameiginlega og talan 700.000 ár, sem tæki byssukúluna að ná til Síríusar, gæti verið beint frá Birni komin því hún kemur fyrir í 38. erindi *Njólu*, eins og vitnað er í hér að ofan. Björn hefur þessa tölu frá hollenska vísindamanninum Christiaan Huygens (1629-1695).⁴⁸ Tíminn sem þarna er nefndur er reyndar fjarri raunveruleika nútímans og byggir á viðmiðum þeirra tíma. Mun betri þekking er á fjarlægðum stjarna en þá var. Byssukúla Huygens ferðast einungis á 1% þess hraða sem hraðskreiðustu geimkannar sem eru á leið út úr sólkerfinu ferðast á. Á hraða byssukúlu Bjarnar, sem Þórbergur notar sem samlíkingu, tæki um 13,3 milljón ár að ferðast frá jörðu til Síríusar.

Vafalaust má rekja saman fleiri líkindi í myndmáli hjá þeim Birni Gunnlaugssyni, Einari Benediktssyni og Þórbergi Þórðarsyni. Einföld ástæða þess er að þeir deila fagurferðilegum og vísindalegum áhuga á fyrirbærum náttúrunnar á himni sem og á jörð. Og eru allir að auki haldnir djúpri þörf til að íhuga tengsl manns, náttúru og hins guðlega. Minna má aftur á lýsingu Þórbergs á „útgliðnun eður mikilli gisnun allra líkamlegra takmarka“; þá tilfinningu hans sem er undanfari þess skáldlega innblásturs sem fæðir af sér kvæðið „Nótt“ að „allt væri að gliðna í sundur eða renna saman í einhverja óendanlega, völduga, ólýsanlega milda einingu, sem eins og væri ekkert, en fæli þó í sér ívist allra hluta“. Sterkir hugmyndalegir þræðir liggja á milli

þessarar lýsingar og alheimssálar Einar Benediktssonar og má einnig má rekja þá þræði til rómantískrar náttúruspeki sem aftur liggja líka inn í kvæði Björns Gunnlaugssonar.⁴⁹ Segja má að Einar Benediktsson viðurkenni áhrif Bjarnar Gunnlaugssonar á skáldskap sinn þegar hann yrkir um hann lofkvæði í 8 erindum sem birtist í ljóðabókinni *Hvömmum* árið 1930, rúmri hálfri öld eftir andlát Bjarnar. Fyrsta erindið er svona:

Hann fagnaði náttheima dýrð eins og degi.
Hans dragnandi þrá var hið alstirnda kveld.
Þá skyggndist hans andi um skaparans vegi,
skírður og sýkn vóð hann ljósberans eld.
Aldrei var tengdari hugur hjarta.
Háspeki lífs skein af enninu bjarta.
Og Ísland hann steig undir stjarnasveigi.
Sú stórdáð skal aldrei úr minnum felld.⁵⁰

Aftur að útsýninu úr þakglugganum á Bergshúsi

Fyrir þann sem kann einhver skil á stjörnuhimninum eins og hann blasti við við Þórbergi þann 20. október árið 1911 vaknar sú spurning hvers vegna aðeins örfáar stjörnur séu nafngreindar í frásögn hans í *Ofvitanum*. Auk Síriusar talar Þórbergur aðeins um Sjöstjörnuna og stjörnurnar Hamal og Sheratan í Hrútsmerkinu og nefnir á einum stað Betelgás sem er vegna stærðar sinnar: „Hvílíkur óskapa líkami!“⁵¹ Hvers vegna valdi hann þessar stjörnur til að sýna elskunni þetta tiltekna kvöld? Frá sjónarhóli stjarnvísindanna eru þær hver á sinn hátt áhugaverð fyrirbæri. Hamal og Sheratan eru björtustu stjörnur Hrútsins og lýsa mun skærar en sólin okkar. Hamal 90 falt skærar og Sheratan 23 falt. En þótt þær séu tiltölulega nærri í stjarnfræðilegri merkingu, í 66 og 60 ljósára fjarlægð, er það svo langt í burtu að þær, eins og aðrar stjörnur en sólin, sjást aðeins sem ljóspunktar.⁵² Þótt Hamal og Sheratan sjáist auðveldlega með berum augum munar talsvert í samanburði við Sírius, björtustu fastastjörnu sem sést frá jörðu. Í raun er Sírius lítið skærari en Sheratan en vegna þess hve nærri hún er (8,6 ljósár) virðist hún margfalt bjartari. Sjöstjarnan/Sjöstirnið er hins vegar hópur stjarna, svonefnd lausþyrping, sem samanstendur af afar heitum og gríðarbjörtum stjörnum. Þó flestir sjái sex stjörnur með berum augum er hægt að sjá fleiri en tíu þar sem gæði myrkursins leyfa og enn fleiri með handkíki. Þó er það aðeins brotabrot af þyrpingunni en í henni er að finna fleiri en þúsund stjörnur.⁵³

Einnig voru reikistjörnurnar Satúrnus og Mars áberandi þá um haustið og báru í Hrútinn og Nautsmerki. Þessar björtu reikistjörnur hefðu án nokkurs vafa geta verið tilefni til skrafs um heima og geima og kannski hefði umræða um tengsl þessarra stjarna og menningarinnar fremur

höfðað til elskunnar en tölfræði? Sjöstirninu bregður fyrir í heimsmynd fjölda menningarsamfélaga gegnum árpúsundin. Líklegt er að mynd af því sé brædd á Nebrakopardiskinn, sem fannst í Þýskalandi, og er mögulega um 3600 ára gamall.⁵⁴ Heiti þyrpingarinnar (Pleiades) er talið dregið af gríska *plein*, „að sigla“ og þegar sólfylgdarris⁵⁵ sjöstirnisins átti sér stað hófst árlegt siglingatímabil við Miðjarðahafið til forna.⁵⁶ Sjöstirnið er í Nautinu, einu merkja dýrahingsins, eins og Hruturinn og þar á meðal Hamal og Sheratan. Þórbergur hefði kannski getað heillað elskuna með sögunni af Jasoni og Argóarförunum og leit þeirra að hrútnum með gullreyfið. Það er saga full af ævintýrum, dramatík, ástum og ógnum.⁵⁷ En Þórbergur dvaldi hvorki við sögulegar staðreyndir né grískar goðsögur í viðleitni sinni til að heilla elskuna, heldur lagði hann alla áherslu á Síríus.

Kvöldið 20. október árið 1911 voru Hamal og Sheratan á miðjum suðausturhimni auk Sjöstirnisins sem voru nokkru austar og norðar. Hin bláhvíta Síríus í Stórahundi var þá ekki stigin á loft. Stjarnan er sunnarlega á íslenskum næturhimni og er því algengt að hún tindri vegna tíbrár. Síríus sést ekki fyrr en klukkan er langt gengin í þrjú að morgni í október og mögulega síðar séð frá Bergshúsi vegna þess hve Skólavörðuholtið byrgir sýn til sjóndeildarhings. Fyrst í desemberlok birtist stjarnan á himni um tíuleytið að kvöldi. Það er einmitt þetta sem stingur í stúf í huga stjörnuáhugamanna og getur ekki beint talist rökrétt val á fyrirbærum í stjörnuskoðun að velja þessar tilteknu stjörnur saman. Stjörnuáhugafólk veit að vegna hinna gríðarlega góðu myrkurgæða sáust fjölmörg fleiri áhugaverð stjarnfyrirbæri frá þakglugganum á Bergshúsi þetta tiltekna kvöld, frá því að Hamal og Sheratan eru á lofti uns Síríus gægist upp fyrir sjóndeildarhringinn, eða eins og segir í frásögn Þórbergs: „En hún sést ekki á kvöldin fyrr en lengra líður út á, af því að hún er svo sunnarlega á hvelfingunni“. En hér er ef til svarið við því að finna hvers vegna Þórbergur vill ólmur sýna elskunni Síríus, frekar en aðrar stjörnur. Til að hægt sé að koma því við verður stúlkan að dvelja hjá honum langt fram á nótt, meðan aðrir sofa. Líklega hefur það vakað fyrir honum þótt hann fullyrði að ást sín sé svo tær að öll kvensemi hafi verið hreinsuð burt úr sér, eins og áður er nefnt, þarna er eitthvað málum blandið.

Himinn og jörð, rómantík og tókarrómur

Eins og áður hefur verið vikið að hefur stjörnugeimurinn táknelega skírskotun í skáldskaparheimi Þórbergs og hann grípur ósjaldan til líkingamáls sem á rætur að rekja til himinhvolfsins. Í *Íslenzkum aðli* og *Ofvitanum* lýsir Þórbergur ástarþrá sem byggist á draumsýn og hugarórum,

nærist á fjarlægð og má síst af öllu fullnægja, því þjáningin nærir ástina. Lýsingarnar á tilfinningum sögumanns í garð elskunnar eru eins konar útfærsla á hinni rómantísku kenningu sem Þórbergur og félagarnir streðast við að hylla og lifa eftir. Þórbergur rífur kenninguna þó stöðugt niður með skopi og í skrifunum fer fram það sem kallað er *afbygging* (e. deconstruction) en afbyggingu má lýsa sem aðferð sem leitast við að raska fyrirfram gefnum undirstöðum, til að mynda í bókmenntum og heimspeki, og draga þannig fram nýjar túlkanir og tengingar.⁵⁸ Í skáldævisögum Þórbergs er það rómantíkin sem er byggð upp og rifin niður jafnharðan: *Rómantíkin* verður *tíkarrómur*.⁵⁹ Þetta má sjá í hnotskurn í stuttri málgrein í *Íslenzkum aðli* sem Þórbergur bregður upp nokkurs konar *frásagnarspegli* (*mise-en-abîme*). Það er hugtak er notað fyrir smámynd innan stærra verks sem endurspeglar kjarna heildarfrásagnarinnar.⁶⁰ Þar talar Þórbergur um „sameiginlegt skipsbrot“ ungu piltanna frá Reykjavík sem komnir eru til Siglufjarðar í von um uppgrip í síld en fá hvergi vinnu. Í lok málgreinarinnar beinir hann sjónum lesanda til himins, þangað sem þeir félagar mæna í sameiningu: „Á daginn spásseruðum við með hvít gúmmihálstau um göturnar eða flatmöguduðum uppi í fjallshlíðinni og mændum á glitrandi skýjaborgir himinsins, sem vindar loftsins reistu og lögðu jafnharðan í rústir til þess að byggja aðrar ennþá fegurri.“⁶¹ Hin rómantíska hugsjón á heimkynni sín á himnum og líkist í eðli sínu skýjaborgum sem sífelld falla og eru endurreistar til þess eins að falla enn á ný.

Í kaflanum „Fyrsta endurfæðing mín“ í *Ofvitanum* lýsir Þórbergur því þegar hugmyndir hans „um mismun kynjanna breyttust úr hlutlausri viðurkenningu á staðreynd í innfjálga kennd“. Áður en það gerðist höfðu hugsanir hans reikað „flestum stundum um hina skíru vegu skynseminnar“. Hann hafði að vísu fundið „til einhverra innri hræringa við lestur kvæða eða yrkingu rímna á göngum [sínun] úti um snævi drifna vetrarhaga. En það átti sér engan dýpri tón í vitund [hans], engan óendanleik, engan bláma, engan söng í þögninni“, eins og þar segir.

Mestallur unaður lífsins var í landafræði, teikningum, mælingarlist, reikningskúnst, hringrás frumefnanna. Þegar hugurinn þráði svolítið hliðarhopp út af daglegum leiðum skynseminnar, flýði hann til söngva minnar eigin raddar, upp á stjörnubjarta festinguna á heiðskírurum kvöldum eða upp í klettana fyrir ofan bæinn, auðgasta listasafns aldanna.⁶²

En þegar sá dagur kom loks yfir hann að „hin kaldræna viðurkenning á staðreynd kynjanna breyttist í innfjálgan munuð“ og hann varð í fyrsta skipti ástfanginn af stúlku:

Þá var eins og guð hefði skapað nýjan mann, nýjan ofvita og nýjan heim. Á fáum vikum var allt orðið nýtt. Hin gömlu hugðarefni hrunin eins og stjörnuhröp af himni sálarinnar. Engin landafræði lengur til, engin teikning, engin mælingarlist, engin

reikningskúnt, engin hreyfing á hringrás frumefnanna. Aðeins kvöldhiminninn og söngur minnar eigin raddar lifðu eftir. Og rósemi sálarinnar dái. ⁶³

Þórbergur grípur ítrekað til myndmáls sem ættað er af himni; vonbrigði eru „stjörnuhröp af himni sálarinnar“. Um slíkt má finna ótal dæmi, eitt af þeim skemmtilegri er þegar hann veltir fyrir sér eðli mannglegra fýsna, í kaflanum „Nýtt líf“ í *Ofvitanum*, og spyr: „Hreyfast fýsnir okkar eftir líkum lögum og halastjörnur? Reika þær um inni í myrkrum hins óþekkta og blossa svo skyndilega á festingu sálarinnar, hverfa svo hljóðlaust og koma aftur eftir óratíma innan úr myrkrunum?“⁶⁴ Þegar Þórbergur hefur gengið í þá reynslu sem lýst er í kaflanum um fyrstu endurfæðinguna „hófst stjörnufræðin til æðri dýrðar. – Stjörnuhiminn, – það var sá heimur, sem var ofar öllu mannlífi, öllum ljóðum, ofar öllum meyjum „með húfu og rauðan skúf í peysu“.⁶⁵ Endurfæðingin sem sprettur af hinum innfjálga munuði og beinir vitundinni að stjörnuhimninum hefur vitaskuld einnig þær afleiðingar að hugur Þórbergs fer að „hneigjast meira og meira að svo nefndum kenndarbókmenntum, fyrst lýriskum tregaljóðum, síðan að hvers konar rímuðu máli nema söguljóðum. Þau leiðinlegheit gat ég aldrei lagt mér til munar“, skrifar hann⁶⁶. Þórbergur segist hafa lesið ljóð „með svipaðri nákvæmni og ástfangin brúður leitar að týndum trúlofunarhring, sem hún getur ekki bætt sér aftur“.⁶⁷

Í kaflanum „Í dísarhöll standhörpunnar“ í *Ofvitanum* fjallar Þórbergur um nokkur skáld og vitnar í þau. Þar á meðal er þessi vísa eftir Þorstein Erlingsson:

Stjörnur háum stólum frá
stafa bláan ósinn
út' við sjáar yztu brá
eftir dái ljósin

Og önnur eftir „Sigurð minn Breiðfjörð“:

Norður-loga ljósin há
loft um bogadregin,
himins vogum iða á,
af vindflogum slegin

Enn sem fyrr er það himinhvelfingin og fyrirbæri sem þar eru sem koma við sögu.

Hið örlagaríka októberkvöld sem sagt er frá í *Ofvitanum* kemur einnig við sögu í *Íslenzkum aðli* þegar Þórbergur yljár sér við endurminninguna um það þegar hann er í vegavinnu í Hrutafirði, skammt frá Bæ þar sem elskan býr, fyrri part sumars 1912. Hann hefur þegið heimboð hennar, sunnudaginn 16. júní og dagurinn rann upp „yfir himinhvelfinguna,

skafheiður og sólfagur, eins og farið hefði fram allsherjar-hreingerning á tilverunni um nóttina“.⁶⁸ „Í dag skal eitthvað gerast“ segir Þórbergur við sjálfan sig þegar hann hefur rakað sig, klætt sig í sparifötin og leggur af stað í heimsóknina. Honum verður hugsað til kvöldanna frá liðnum vetri, þegar þau sátu ein við borðið úti við gluggann í herberginu hans í Bergshúsi. Þar rakti hann „hreykinn í sundur stjörnukortíð [sitt] á borið fyrir framan hana og sagði: Þetta er Vindemíatrix í Jómfrúnni, og þetta er Denebóla í Ljóninu, hvort tveggja þriðja flokks stjörnur. Og sko: Þarna sérðu Norðurasnann og Suðurasnann í Krabbanum, báðir þriðja flokks“.⁶⁹ Þá hafði hann vænst þess að hún lyppaðist niður fyrir þekkingu sinni en: „Hún breiddi drifhvítar hendurnar fram á kortið, starði þegjandi út í loftið og fór hjá sér.“⁷⁰

Hér vekur athygli að nefndar eru aðrar stjörnur en í *Ofvitanum*. Þær þriðja flokks (birtustigs) stjörnur sem Þórbergur getur um eru á himinhvelfingunni þar sem tiltölulega fáar bjartar stjörnur sjást. Heitið Vindemíatrix (vínberjatínarinn) er ævafornt og var eitt sinn mikilvægt viðmið.⁷¹ Sjálf stjarnan er þróuð risastjarna, tífalt stærri en sólin og 60 falt bjartari.⁷² Denebóla (ljónshalinn) í Ljóninu er heldur ekki smá í sniðum. Rykskífa er talin umlykja hana og gæti verið vísbending um að þar leynist einnig reikistjarna.⁷³ Krabbinn er, eins og Meyjan (Jómfrúin) og Ljónið, eitt merkja dýrahingsins. Norðurasninn (Asellus Borealis) og Suðurasninn (Asellus Australis) eru til sinn hvorrar höfuðáttar við Jötuna, stjörnuþyrpingu sem gríski stjörnufræðingurinn Ptolemeus kallaði þokuhnoðrann í brjósti krabbans.⁷⁴ Báðar þessar stjörnur eru stærri en sólin og skína skærar. Sökum fjarlægðar sýnast þær hins vegar ekki bjartari en raun ber vitni. Krabbinn, sást frá Bergshúsi þegar líða tók á nóttina í október 1911 og hefði vafalítið verið spil í hendi, áður en Sírius reis á loft.

Ef marka má frásögnina gerðist aldrei neitt á milli Þórbergs og elskunnar í Bergshúsi þennan nýliðna vetur og elskan hefur því varla þegið boðið um að bíða eftir komu Sírius upp á næturhiminninn svo hún fengi litið stjörnuna augum frá þakglugganum á þurrkloftinu. Þórbergur bindur engu að síður vonir við að eitthvað muni gerast í heimboðinu þann 16. júní og leggur af stað „í sjöunda himni“. En ekkert gerist, fremur en fyrri daginn, og „allur þessi ástheiði hvíldardagur“ gengur til vesturs og hið „máttuga ljós himinsins stráði geislum kærleikans inn í hjörtu“ þeirra.⁷⁵ Þegar hann kveður hana áður en hann heldur á brott úr Hrútafirðinum yfir til Siglufjarðar „var þykkt loft. Og það var norðanbræla. Og það var þoka í hæstu hlíðum“.⁷⁶ Þegar hann er kominn á sinn fyrsta gististað um nóttina er líðan hans ekki góð: „Öll víðátta sálarinnar var eins og bráðið blýhaf, þar sem hvergi grillti fyrir aðgreiningu lofts og lagar“.⁷⁷ Upphafi næsta dags, fyrsta dagsins í fjarlægð frá elskunni, lýsir Þórbergur sem fyrsta lífsdegi sínum á jörðinni.⁷⁸ Elskan er horfin sjónum, hann hefur stigið niður til jarðar.

Um haustið þegar Þórbergur hefur lokið sumarvinnunni á Akureyri, afræður hann að koma við hjá elskunni á heimleiðinni til Reykjavíkur og leggur á sig langa gönguferð í þeim tilgangi einum. Þegar þarna er komið sögu er liðið tæpt ár frá kvöldinu þegar hann „varð annar maður“ og elskan var í heimsókn í Baðstofunni í Bergshúsi. Eins og kunnara er en frá þurfi að segja rennur hann af hólmi þegar heimreiðin að Bæ blasir við og lætur sig „líða af stað inn þjóðveginn líkt og hálfóafvitandi“.⁷⁹ Þegar hann hefur þannig lúskrast framhjá bænum streymir um hann allan „djúp og hátíðleg rósemi“ eftir taugastríðið sem hafði vaxið með hverju því skrefi sem hann nálgast bæinn áður. Núna, eftir framhjá gönguna, getur hann byrjað á ný að byggja sína loftkastala um það sem gæti mögulega gerst við endurfund hans og elskunnar síðar um haustið:

Sálir okkar myndu að vísu ekki renna saman úti á hallarsvölum neinna kammerjunkara. En við myndum standa hlið við hlið úti á þurrkloftinu fyrir framan herbergisdýrnar mínar og teygja höfuðin upp um þakgluggann yfir uppgöngunni, og augu okkar myndu mætast á fjarlægri stjörnu lengst úti í næturblámanum. Og þá ætlaði ég að taka utanum mittið á henni, svo að hún dytti ekki niður úr stigagatinu, og ég ætlaði að segja við hana um leið: Sérðu fögru stjörnuna, sem tindrar þarna í öllum hugsanlegum litum uppi yfir strompnum á Bergsstöðum? Hún heitir Síríus. Og svo ætlaði ég að taka um litlu hvítu höndina hennar og segja: Heldurðu, að við yrðum ekki sæl, ef við ættum tvö ein heima á svona fallegri stjörnu?

Og ég sagði ennþá við sjálfan mig: Það hlýtur að vera eitthvað líkt þessu að innganga í himininn eftir langt og þjáningarfullt dauðastríð hér á jörðinni.⁸⁰

Enn hefur hann ekki gefið upp vonina um næturlanga heimsókn elskunnar upp á þurrkloftið í Bergshúsi.

Að lokum skal athyglinni beint að annars konar „ást“ en Þórbergur upplifir í garð elskunnar; hinni *jarðnesku*, holdlegu ást. Þegar Þórbergur gengur með kunningja sínum og frauksunni greiðviknu, sem leið liggur upp í kirkjugarðinn við Suðurgötu í Reykjavík, eins og lýst er í kaflanum „Fyrsta lyftingin“ í *Ofvitanum*, brjótast í honum andstæðar tilfinningar. Það er svalt febrúarkvöld og „tungl vantaði aðeins eina nótt í fyllingu“ sem honum finnst gefa „þessu nervösa ferðalagi full-opinberan blæ“.⁸¹ Honum verður hugsað til sinnar hreinlífu Suðursveitar sem aldrei hafði verið „á kvennafari“ og „aldrei þurft að sótroðna niður í tær frammi fyrir mellu“.⁸² En áður en hann veit af er hann „farinn að þylja hástöfum í titrandi hrifningu“ erindi úr kvæði Einars Benediktssonar um norðurljósin, sér til uppörvunar, (með smá hugleiðingum innan sviga):

Veit duftsins son nokkra dýrðlegri sýn

en drottanna hásal í rafurloga?
Sjá grundu og vog undir gullhvelfdum boga! –
Hver getur nú unað við spil og vín? (Eða legið hjá mellu?)
Sjálfr moldin er hrein eins og mæð við lín, (ekki í portinu)
mókar í haustsins visnu rósum.
Hvert sandkorn í loftsins litum skín,
og lækirnir kyssast í silfurósum.
Við útheimsins skaut er allt eldur og skraut
af iðandi norðurljósum.

„Þetta var hreinsandi. Þetta var styrkjandi. Miklu betra en sálmar“ ályktar hann að loknum ljóðaflutningnum og ætlar að halda áfram, en fær olnbogaskot frá kunningjanum sem segir honum, á dönsku, að halda kjafti.⁸³ En þegar kom „að hinni praktísku hlið á viðfangsefni dagsins“⁸⁴ bregður svo við að allt hans „himneska póesí og öll [hans] heilögu máttarvöld voru sópuð burtu eins og gamalt ryk af ljóra sálarinnar“,⁸⁵ eins og ætíð gerist í skáldævisögum Þórbergs þegar hugsjónin sem heyrir til himinhvolfinu mætir hinum jarðneska veruleika: „Er ástin svona í praksís?“ spyr ofvitinn afsveinaði að verknaði loknum og brostin er á stormhrina með stærðar dembu – og ekki sést til stjarna.

¹ Þórbergur Þórðarson. *Íslenzkur aðall*. Reykjavík: Bókaútgáfa Heimskringlu, 1938, bls. 169-170.

² Þetta er reyndar misminni hjá Þórbergi sem hann leiðréttir í *Edda Þórbergs Þórðarsonar* og telur þá kvæðið samið í nóvember 1911. Það mun nærri lagi því kvæðið birtist í hinum handskrifaða *Skinfaxa* í desember 1911 og var lesið upp á fundi hjá Ungmennafélags Reykjavíkur í sama mánuði. Sjá Lbs 3927 4to. *Skinfaxi*, handskrifað blað U.M.F.R. II. bindi (1. september-3. maí 1918).

³ Þórbergur Þórðarson. *Edda Þórbergs Þórðarsonar*. Reykjavík: Bókaútgáfa Heimskringlu, 1941, bls. 25-26.

⁴ *Íslenzkur aðall*, bls. 5.

⁵ *Edda Þórbergs Þórðarsonar*, bls. 23.

⁶ *Íslenzkur aðall*, bls. 5-6.

⁷ *Íslenzkur aðall*, bls. 5.

⁸ Þórbergur Þórðarson. *Bréf til Láru*. Reykjavík: Mál og menning (2. útg.), 1950, bls. 10.

⁹ Hér er fylgt fordæmi heimspekinga sem farnir eru að greina á milli fagurfræði (e. aesthetics) og hins fagurferðilega (e. aesthetic), líkt og gert er í aðgreiningunni á milli siðfræði og hins siðferðilega. Sjá t.d. Guðbjörg R. Jóhannesdóttir. „Vá! – Undrun, fegurð og ægifegurð í upplifun af íslenskrí náttúru.“ *Náttúran í ljósaskiptunum*. Björn Þorsteinsson ritstj. Reykjavík: Heimspekistofnun – Háskólaútgáfan, 2016, sjá nmgr. 4, bls. 144.

¹⁰ Orð Þórbergs í lok *Ofvitans*.

¹¹ Sama stað.

¹² Margt hefur verið skrifað um samband Þórbergs og fyrirmyndar elskunnar, Arndísar Jónsdóttur. Sjá m.a. Arngrímur Vídalín Stefánsson. „*Að elska er að yrkja fegursta ljóð í víðri veröld*.“ *Um viðhorf Þórbergs Þórðarsonar til rómantíkur í íslenskum bókmenntum*. Óprentuð BA ritgerð í íslenskum bókmenntum, Háskóli Íslands, aðgengileg á <http://hdl.handle.net/1946/3489>; Helgi M. Sigurðsson. „Arndísarsaga.“ „*að skilja undraljós*.“ Bergljót S. Kristjánsdóttir og Hjalti Snær Ægisson ritstj. Reykjavík: Bókmennta- og listfræðistofnun Háskóla Íslands, Háskólaútgáfan, 2010, bls. 137-146 og Soffía Auður Birgisdóttir. „Sannleikur í æðra veldi. Um Íslenzkan aðal eftir Þórberg Þórðarson.“ *Heimur skáldsögunnar*. Ástráður Eysteinnsson ritstj. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 2001, bls. 273-284. Sjá einnig bækur Halldórs Guðmundssonar, Péturs Gunnarssonar og Soffíu Auðar Birgisdóttur um Þórberg Þórðarson og skrif hans.

¹³ Þórbergur Þórðarson. *Ofvitinn*. Reykjavík: Mál og menning, 1964 (2. útg. endurskoðuð), bls. 222.

¹⁴ Sama stað.

¹⁵ Þar er átt við að sýndarbirtustig stjörnunnar sé í flokki tvö.

- ¹⁶ Þórbergur Þórðarson. *Ofvitinn*, síðara bindi. Reykjavík: Bókaútgáfa Heimskringlu, 1941, bls. 76.
- ¹⁷ Þórbergur Þórðarson. *Ofvitinn*, fyrra bindi. Reykjavík: Bókaútgáfa Heimskringlu, 1940, bls. 83.
- ¹⁸ Hér og í framhaldinu er byggt á rannsókn Snævarrs Guðmundssonar á áhrifum raflýsingar á lofthjúpinum ofan höfuðborgarsvæðisins, það er hversu mikil ljósmengunin er, sem hann kynnti í BS ritgerð sinni við Háskóla Íslands árið 2011: *Myrkurkort af höfuðborgarsvæðinu. Kortlagning ljósmengunar yfir Reykjavík og nágrenni*, aðgengileg á <http://hdl.handle.net/1946/8485>. Einnig á skýrslu sem Snævarr Guðmundsson vann, ásamt fleirum, að frumkvæði Marðar Árnasonar, þingmanns, fyrir Umhverfis- og auðlindaráðuneytið árið 2013 (sjá ngr. 18).
- ¹⁹ Mördur Árnason, Snævarr Guðmundsson, Andrés Ingi Jónsson, Hermann Sveinbjörnsson, Inga Sigrún Atladóttir, Íris Bjargmundsdóttir. *Myrkurgæði á Íslandi – Greinargerð starfshóps um myrkurgæði og ljósmengun ásamt tillögum um úrbætur og frekari athugun*. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. Vefslóð: https://www.umhverfisraduneyti.is/media/PDF_skrar/Myrkur-3-10.pdf
- ²⁰ Þorsteinn Sæmundsson og Gunnlaugur Björnsson. „Birtuflokkun stjarna.“ *Almanak Háskóla Íslands*. Reykjavík: Háskóli Íslands, 2017.
- ²¹ Samkvæmt *Árbók Reykjavíkurborgar* voru íbúar höfuðborgarsvæðisins 213.619 árið 2016. Vefslóð: <http://pxweb.reykjavik.is/dialog/Saveshow.asp> (skoðað 15. júní 2017).
- ²² *Ofvitinn*, síðara bindi, bls. 76.
- ²³ *Ofvitinn*, síðara bindi, bls. 77-78.
- ²⁴ *Ofvitinn*, síðara bindi, bls. 86.
- ²⁵ *Ofvitinn*, síðara bindi, bls. 86.
- ²⁶ *Ofvitinn*, síðara bindi, bls. 86-87.
- ²⁷ Allen, R. H. *Star Names, their lore and meaning*. Dover Publications. New York, 1963.
- ²⁸ *Ofvitinn*, síðara bindi, bls. 90.
- ²⁹ *Ofvitinn*, síðara bindi, bls. 87.
- ³⁰ Johnston, W.R. „List of Nearby Stars: To 21 light years“, 2015. Vefslóð: <http://www.johnstonsarchive.net/astro/nearstar.html> (skoðað 29. júní 2017).
- ³¹ *Ofvitinn*, síðara bindi, bls. 87.
- ³² *Ofvitinn*, síðara bindi, bls. 88.
- ³³ *Ofvitinn*, síðara bindi, bls. 88.
- ³⁴ *Ofvitinn*, síðara bindi, bls. 89.
- ³⁵ Halldór Laxness. „Á afmælisdag Þórbergs.“ *Þjóðviljinn*, 12. mars 1949, bls. 5.
- ³⁶ Þórbergur Þórðarson. „Endurfæðingakróníkan,“ í Stefán Einarsson. *Þórbergur Þórðarson, fræðimaður – spámaður – skáld, fimmtugur*. Reykjavík: Bókaútgáfa Heimskringlu, 1939, bls. 8.
- ³⁷ Um lífræna heildarhyggju í skrifum Þórbergs má lesa í Soffía Auður Birgisdóttir. *Ég skapa – þess vegna er ég. Um skrif Þórbergs Þórðarsonar*. Reykjavík: Opna, bls. 107-142. Um alveldissál Einars Benediktssonar, sjá t.a.m. Kristján Karlsson. „Inngangur“ að Einar Benediktsson. *Ljóðasafn I. Hafnarfjörður: Skuggsjá*, bls. 11-34. Inngang Kristjáns er einnig að finna í riti hans *Hús sem hreyfist. Sjö ljóðskáld*. Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1986.
- ³⁸ Þórbergur Þórðarson. *Í Suðursveit*. Reykjavík: Mál og menning, 1975, bls. 410.
- ³⁹ *Í Suðursveit*, bls. 410.
- ⁴⁰ Einar Benediktsson. „Lágnættissól. (Við Grímseyjarsund.)“ *Ljóðasafn I. Hafnarfjörður: Skuggsjá*, bls. 162.
- ⁴¹ Kristján Karlsson. „Inngangur“, bls. 18.
- ⁴² Einar H. Guðmundsson. „Björn Gunnlaugsson og náttúruspekin í Njólu.“ *Ritmennt*, 8. árg., 1. tbl. 2003, bls. 9.
- ⁴³ Sama stað.
- ⁴⁴ Kristján Karlsson. „Inngangur“, bls. 18.
- ⁴⁵ Björn Gunnlaugsson. *Njóla eða hugmynd um alheimsáformið*. Reykjavík: Jón Árnason og Páll Jónsson. 1884, bls. III. Sjá einnig: Gunnar Harðarson. „Njóla og íslensk heimspeki.“ *Skírnir*, vorhefti 1990, bls. 76-87.
- ⁴⁶ Einar H. Guðmundsson. „Björn Gunnlaugsson og náttúruspekin í Njólu“, bls. 9. Einar fjallar ítarlega um vísindastarf Björns sem og náttúruspeki Njólu, eins og fram kemur í titli greinar hans.
- ⁴⁷ Um er að ræða erindi 24, 25, 26 og 38 úr *Njólu*. Sjá einnig umræðu í Gunnar Harðarson. „Njóla og íslensk heimspeki“, bls. 83-84 og Einar H. Guðmundsson. „Björn Gunnlaugsson og náttúruspekin í Njólu“, bls. 37-38.
- ⁴⁸ Einar H. Guðmundsson. „Björn Gunnlaugsson og náttúruspekin í Njólu“, bls. 37-38. Í neðanmálsgrein nr. 60, bls. 38, skrifar Einar: „Fjarlægðin, um 700 þúsund kúluár, birtist fyrst árið 1698 í áður nefndu verki Huygens, Cosmotheoros. Hún er m.a. notuð í Vinagleði og Náttúruskoðara. Til samanburðar má nefna, að í Stjörnufræði fordást Ursin að gefa upp ákveðna fjarlægð til fastastjarnanna, en bendir þess í stað á, að árleg hliðrun þeirra á hvelfingunni sé minni en ein bogasekúnda, og því séu þær að minnsta kosti í þriggja ljósára fjarlægð. Rétt er að minna á, að bók Ursins kom út í Danmörku sama árið og Bessel mældi hliðrun fastastjörnu í fyrsta sinn. Það er athyglisvert, að Björn skuli nota niðurstöðu Huygens en ekki fjarlægðarákvörðun Newtons, sem bar saman birtu Síríusar og Satúrnusar árið 1686 og fékk út tölu, sem var mun nær réttu lagi. Niðurstæða Newtons, sem birt var að honum látnum, árið 1728, er tæplega tvöföld rétt fjarlægð.“

-
- ⁴⁹ Um rómantíska náttúruspeki í *Njólu*, sjá Einar H. Guðmundsson. „Björn Gunnlaugsson og náttúruspekin í *Njólu*“, bls. 57-59.
- ⁵⁰ Einar Benediktsson. „Björn Gunnlaugsson“. *Ljóðasafn III*. Hafnarfirði: Skuggsjá, bls. 47.
- ⁵¹ *Ofvitinn*, síðara bindi, bls. 88.
- ⁵² Nefna má að árið 2011 fannst reikistjarna sem ferðast umhverfis Hamal og er umferðartíminn 381 dagar. Sheratan hefur feiknaheitt yfirborð, ~9000 °K, meira en 3400 °K gráðum heitara en yfirborð sólar. Hún er ekki einsömul því stjörnurnar eru tvær en merki um það birtast þó einungs í litrófi þeirra.
- ⁵³ Adams, J. D., Stauffer, J. R., Monet, D. G., Strutskie, M. F., Beichman, C. A. „The Mass and Structure of the Pleiades Star Cluster from 2MASS“, 2001. Vefslóð: <https://arxiv.org/abs/astro-ph/0101139>
- ⁵⁴ Meller, H. „Star search.“ *National Geographic Magazine*: 2004, bls. 76–78. Vefslóð: <http://ngm.nationalgeographic.com/ngm/0401/feature4/index.html>
- ⁵⁵ Sólfylgdarris (e. heliacal rising) er þegar stjarna rís á loft á sama tíma og sólin.
- ⁵⁶ Burnham, R. JR. *Burnham's Celestial Handbook*. Vol. 3. Dover Publications. New York, 1978.
- ⁵⁷ Sjá t.d. Allen, R. H. *Star Names their lore and meaning*. Dover Publications. New York, 1963.
- ⁵⁸ Höfundur hugtaksins afbygging (f. déconstruction) er franski heimspekingurinn Jacques Derrida. Um hann má meðal annars lesa hér: Björn Þorsteinsson. „Hver var Jacques Derrida og hvert var framlag hans til heimspekinnar?“ *Vísindavefurinn*, 23. nóvember 2011. <http://visindavefur.is/svar.php?id=61310> (Skoðað 26. júní 2017).
- ⁵⁹ *Ofvitinn*, fyrra bindi, bls. 267.
- ⁶⁰ *Frásagnarspegill* er þýðing Jóns Karls Helgasonar á *mise-en-abîme*. Sjá Jón Karl Helgason. „Deiligaldur Elíasar. Tilraun um frásagnarspeglar og sjálfgetnar skáldsögur.“ *Ritið*, 3. hefti 2006, bls. 107-111.
- ⁶¹ *Íslenzkur aðall*, bls. 87.
- ⁶² *Ofvitinn*, fyrra bindi, bls. 265.
- ⁶³ *Ofvitinn*, fyrra bindi, bls. 266.
- ⁶⁴ *Ofvitinn*, fyrra bindi, bls. 118.
- ⁶⁵ *Ofvitinn*, fyrra bindi, bls. 268.
- ⁶⁶ *Ofvitinn*, fyrra bindi, bls. 268.
- ⁶⁷ *Ofvitinn*, fyrra bindi, bls. 269.
- ⁶⁸ *Íslenzkur aðall*, bls. 31.
- ⁶⁹ *Íslenzkur aðall*, bls. 31-32.
- ⁷⁰ *Íslenzkur aðall*, bls. 32.
- ⁷¹ Allen, R. H. *Star Names their lore and meaning*.
- ⁷² Nordgren, Tyler E.; Germain, M. E.; Benson, J. A.; Mozurkewich, D.; Sudol, J. J.; Elias, N. M., II; Hajian, Arsen R.; White, N. M.; Hutter, D. J.; Johnston, K. J.; Gauss, F. S.; Armstrong, J. T.; Pauls, T. A.; Rickard, L. J. *Stellar Angular Diameters of Late-Type Giants and Supergiants Measured with the Navy Prototype Optical Interferometer*. AJ, vol. 118, Issue 6, 1999, bls. 3032-3038. Vefslóð: <http://adsabs.harvard.edu/abs/1999AJ....118.3032N>
- ⁷³ Cote, J. „B and A type stars with unexpectedly large colour excesses at IRAS wavelengths.“ A&A, vol. 181, no. 1, July 1987, bls. 77—84. Vefslóð: <http://adsabs.harvard.edu/abs/1987A&A...181...77C>
- ⁷⁴ Allen, R. H. *Star Names their lore and meaning*.
- ⁷⁵ *Íslenzkur aðall*, bls. 33.
- ⁷⁶ *Íslenzkur aðall*, bls. 46.
- ⁷⁷ *Íslenzkur aðall*, bls. 47.
- ⁷⁸ *Íslenzkur aðall*, bls. 49.
- ⁷⁹ *Íslenzkur aðall*, bls. 275.
- ⁸⁰ *Íslenzkur aðall*, bls. 285.
- ⁸¹ *Ofvitinn*, síðara bindi, bls. 52.
- ⁸² *Ofvitinn*, síðara bindi, bls. 50.
- ⁸³ *Ofvitinn*, síðara bindi, bls. 51.
- ⁸⁴ *Ofvitinn*, síðara bindi, bls. 54.
- ⁸⁵ *Ofvitinn*, síðara bindi, bls. 54.